Nd. **449. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitist úr ríkissjóði $^1/_3$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að 210000 kr. — tvö hundruð og tíu þúsund krónur — gegn $^2/_3$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.
2. Við 2. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 420000 kr. — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.